

Nd.

718. Frumvarp

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur
jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að kaupa landssjóði til eignar hið forna biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um, þó má eigi kaupverðið fara fram úr 12,000 kr.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.